

Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra 20. október 2023 kl. 10:00-11:20 í Fjósinu í Lindarbrekku.

Viðstaddir: Knútur Emil Jónasson, Soffía Gísladóttir, Guðmundur Ögmundsson, Anita Elefsen (á Teams) , Halldóra Gunnarsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Helstu fréttir frá minjasvæðinu.

Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður, kynnti stuttlega hvernig starfsemi Minjastofnunar á svæðinu hefur verið undanfarið, breytingar á minjaráðum, nýjan forstöðumann, nýtt verklag við úttektir minjavarða, húsafriðunarsjóð, borkjarnarannsóknir og fl.

2. Sameiginlegur fundur minjaráða á landsvísu í mars

Minjastofnun mun halda sameiginlegar fund allra minjaráða á teams í mars.

3. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum

Tvö stór verkefni í gangi á minjasvæðinu annarsvegar á Gásum og hinsvegar á Hofstöðum. Rætt um næstu skref þar og möguleg ný verkefni sem þyrfti hefja skipulagningu á strax eftir næstu áramót.

4. Nýminjar

Breyting með því að frysta ártal friðaðra húsa við 1923, nú þarf að kortleggja hús sem mikilvægt er að varðveita og fá sveitarfélögin í lið með Minjastofnun.

5. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið 11:20

6. Skoðunarferð

Fórum og skoðuðum samkomuhúsið Grásíðu sem byggt var árið 1924, og fengum þar mjög greinargóða, áhugaverða og skemmtilega leiðsögn frá eigendum hússins.

Fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir